



Aðalfundur 2015

Aðalfundargerð

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands 2015

Breiðabliki 9. apríl 2015

Dagskrá

Kl. 11.00

1. Fundur settur, skipan starfsmanna.
2. Skýrsla formanns Þórhildar Þorsteinsdóttur.
3. Ávarp gesta.
4. Afgreiðsla kjörbréfanefndar.
5. Ársreikningur lagður fram.

Matarhlé

6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.
7. Afgreiðsla reikninga.
8. Raforkuvirkjanir á Snæfellsnesi, Eggert Kjartansson
9. Tillögur lagðar fram.
10. Nefndarstörf.
11. Afgreiðsla mála.
12. Kosning stjórnar og varastjórnar.
13. Kosning skoðunarmanna og endurskoðenda.
14. Kosning fulltrúa á Búnaðarþing
15. Önnur mál.
16. Fundarslit.

1. Fundarsetning

Fimmtudaginn 9. apríl 2015 var aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Félagsheimilinu Breiðabliki á Snæfellsnesi.

Fundinn setti formaður Búnaðarsamtaka Vesturlands, Þórhildur Þorsteinsdóttir og bauð hún gesti og fundarmenn velkomna. Þórhildur gerði að tillögu sinni að Svanur Pálsson og Kristján Magnússon yrðu fundarstjórar og lagði til að ritarar fundarins væru Anton Torfi Bergsson og Ingveldur Ingibergsdóttir. Var sú tillaga samþykkt og bað formaður fundarstjóra að taka við stjórn fundarins. Fundarstjóri skipaði í kjörbréfanefnd: Rúnar Jónasson, Guðrúnu Kristjánsdóttur og Guðbrand Guðbrandsson og tóku þau þegar til starfa.

2. Skýrsla formanns Búnaðarsamtaka Vesturlands fyrir árið 2014

Rekstur Búnaðarsamtaka Vesturlands gekk með ágætum á síðasta ári og er rekstur samtakanna gerður upp með hagnaði upp á kr 1.484.970.- sem er afar ánægjuleg niðurstaða. Rekstrartekjurnar urðu rúmlega 101 milljón sem er aukning á milli ára um rúmlega 2,7 Mkr. En ljóst má vera þó að við skilum rekstri samtakanna fyrir árið 2014 réttu megin við núllið þá er lítið þol fyrir óvæntum útgjöldum og í raun má segja að reksturinn sé brothættur.

Búnaðarsamtökin leigja RML meiripart skrifstofuhúsnæðis síns og einnig hafa bílar BV verið leigðir til þeirra þegar þarf. Tveir nýir bílar voru keyptir í sæðingarnar og aðrir bílar seldir sem ekki var not fyrir. Einnig var sauðfjársæðingarstöðin máluð að utan sem var löngu orðið tímabært.

Starfssemi BV var með hefðbundnu sniði á árinu, sæðingarstarfsemi bæði í nautgriparékt og sauðfjárrékt, bændabókhald, klaufsnyrting, lögbundnar úttektir á þróunar- og jarðabótaverkefnum og umsóknum fyrir Framleiðnisjóð. Einnig hefur Guðmundur Hallgrímsson sinnt verkefninu um starfsumhverfi bænda sem ber heitið, Vitund um vinnuvernd í landbúnaði, í samvinnu við Bændasamtök Íslands. Árið 2014 var annað starfsár verkefnisins sem hefur það markmið að bæta öryggis- og vinnuverndarmál bænda, í þeim tilgangi að fækka slysum í landbúnaði og stuðla að góðu vinnu -umhverfi og bættri ásýnd bæja.

Starfssemi sauðfjársæðingarstöðvarinnar í desember sl. gekk ágætlega, erfitt veðurfar og færð varð reyndar til þess að um 1500 skammtar komust ekki til skila en að öðru leyti gekk þessi tæpi mánuður vel og því er ekki síst að þakka því góða starfsfólki sem þar kemur að.

Í nóvember sl. var formannafundur Bændasamtaka Íslands og á þeim fundi var farið yfir þau helstu mál sem voru efst á baugi á þeim tíma, m.a. eldgosíð í Holuhrauni, flutning stjórnarsýsluverkefna frá BÍ, þjóðfélagsumræðuna um landbúnaðarmál en sú umræða virðist oftast en ekki vera á neikvæðum nótum fremur en jákvæðum. Þá var farið yfir stöðuna á viðræðum BÍ við LK um söluna á nautastöð BÍ til LK. Það mál fór síðan fyrir Búnaðarþing og þar breyttust upphaflegu markmiðin um hversu stóran hlut LK myndi eignast. Aðalfundur LK taldi síðan ekki lengur grundvöll til frekari viðræðna við BÍ um kaupin á þeim forsendum sem lágu fyrir á þeim fundi.

Fyrirætlanir um sölu á Hótel Sögu voru ræddar á formannafundinum en síðan eins og öllum er væntanlega ljóst var ekki gengið að neinum þeim tilboðum sem bárust og því

mun Hótelid vera í okkar eigu í amk þrjú ár eða þar til Búnaðarþing tekur ákvörðun um annað.

Stærsta málið á formannafundinum voru breytingar á félagskerfinu, en þar var dreift samantekt á tillögum vinnuhóps sem var falið að skoða sérstaklega fjármögnun BÍ og fulltrúafjölda á Búnaðarþingi. Tölverðar umræður fóru fram um málið og sitt sýndist hverjum, miðað við þær tillögur áttu BV rétt á 2 búnaðarþingsfulltrúum í stað 4. Þessar tillögur fóru fyrir búnaðarþing í mars sl. en niðurstaðan þar varð að fulltrúafjöldi aðildarfélaganna á Búnaðarþing er óbreyttur frá fyrri samþykktum. Einn fulltrúi bætist þó við í ljósi þess að Geitfjárræktarfélag Íslands fékk aðild að BÍ á þinginu og verða því fulltrúar á Búnaðarþingi 2016 alls 49.

Búnaðarþing verður annað hvert ár og árið á móti verður haldinn ársfundur. Þá voru samþykktar breytingar á reglum um aðild að Bændasamtökunum, bæði hvað varðar einstaklinga og aðildarfélög. Einstaklingum sem ekki eru bændur en vilja styðja markmið samtakanna er nú heimilt að gerast aukafélagar í þeim. Eins var samþykkt sú stefna að samtökin skuli í framtíðinni verða fjármögnuð með veltutengdum félagsgjöldum. Í nýjum samþykktum er stjórn heimilað að taka slík gjöld upp, en engin ákvörðun hefur verið tekin um hvenær það verður gert.

Á nýliðnu búnaðarþingi kom sú staða upp að formaður BV var ekki búnaðarþingsfulltrúi, sú staða er að mínu mati afleit, og því liggur hér fyrir fundinum sú tillaga að formaður samtakanna hverju sinni sé sjálfkjörinn á búnaðarþing.

Stærsta mál Búnaðarsamtaka Vesturlands á komandi ári og árum er fjármögnun og rekstur BV til framtíðar, í kjölfar afnáms innheimtu búnaðargjalds. Það er undir okkur sjálfum komið hvernig starfssemi BV verður til framtíðar litið. Í mínum huga er það alveg skýrt að í öllum breytingum þá felast alltaf einhver tækifæri og jafnvel ákveðinn „blendingspróttur“ en það er reynsla okkar hjá BV.

Við höfum bæði reynsluna af sameiningu þriggja búnaðarsambanda undir einn hatt BV sem og góða reynslu að því að þjónusta tvö önnur búnaðarsambönd. Við þurfum í sameiningu að koma auga á tækifærin, aukin og ný verkefni og því kalla ég eftir umræðu um þessi mál og biðla til ykkar fundarmenn að tjá ykkur hér í dag um hvernig þið sjáið framtíð Búnaðarsamtaka Vesturlands.

Starfsfólki Búnaðarsamtaka Vesturlands eru hér færðar þakkir fyrir þeirra störf sem unnin eru af trúmennsku og áhuga. Bændum á Vesturlandi, Vestfjörðum og Kjalarnesi eru færðar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. Samstarfsmönnum mínum í stjórn BV þakka ég góða samvinnu. Að lokum er framkvæmdastjóra, Guðmundi Sigurðssyni færðar þakkir fyrir ánægjulegt og gott samstarf.

Ekki þarf í það að sjá
-þér ég aftur gegni -
ég er bóndi, allt mitt á
undir sól og regni.

Þó að einhver þykkist mér,
það er smátt að tapi.
Veðuráttin aldrei fer
eftir manna skapi. (Stephan. G. Stephansson)

3. Ávörp gesta

Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ fluttir góðar kveðjur frá Bændasamtökum Íslands. Sindri renndi yfir helstu málefni nýliðins Búnaðarþings.

4. Afgreiðsla kjörbréfanefndar

Rúnar Jónasson gerði grein fyrir kjörbréfum

Frá Búnaðarfélagi Hvalfjarðar

Daníel Ottesen

Magnús Már Haraldsson

Haraldur Benediktsson

Frá Búnaðarfélagi Skorradals

Lárus Pétursson

Frá Búnaðarfélagi Andakíls

Eiríkur Blöndal

Sigurður Jakobsson

Frá Búnaðarfélagi Lundarreykjadal:

Óskar Halldórsson

Þórarinn Svavarsson

Frá Búnaðarfélagi Reykdæla – enginn fulltrúi

Frá Búnaðarfélagi Pverárþings

Pétur Diðriksson

Jóhann Oddsson

Ásgeir Ásgeirsson

Frá Búnaðarfélagi Mýramanna

Guðbrandur Guðbarndsson

Sigurjón Helgason

Ásgerður Pálsdóttir

Frá Búnaðarfélagi Kolbeinsstaðahrepps

Kristján Magnússon

Albert Guðmundsson

Frá Búnaðarfélagi Eyja-og Miklaholtshrepps

Pröstur Aðalbjarnarson

Gunnar Guðbjartsson

Frá Búnaðarfélagi Staðarsveitar

Svavar Þórðarson

Sigurjón Grétarsson

Frá Búnaðarfélagi Eyrarsveitar:

Hallur Pálsson

Oddur Hlynur Kristjánsson

Frá Búnaðarfélagi Helgafellssveitar – enginn fulltrúi

Frá Búnaðarfélagi Hörðudals:

Guðrún Kristjánsdóttir

Frá Búnaðarfélagi Miðdala

Guðmundur Pálmason

Sigursteinn Hjartarson

Gunnlaug Arngrímsdóttir

Frá Búnaðarfélagi Laxárdals:

Magnús Kristjánsson

Frá Búnaðarfélagi Hvammsfjarðar:

Rúnar Jónasson

Arnar Eysteinnsson

Samkvæmt kjörbréfum voru 29 fulltrúar mættir. Ekki komu fram athugasemdir við þessa fulltrúa og teljast þeir því réttkjörnir.

Auk þess sátu fundinn úr stjórn BV Valberg Sigfússon og Halldór Gunnlaugsson, Gísli Guðmundsson fyrir félag hrossabænda sem og gestir fundarins Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson og Sigurður Eypórsson frá BÍ

5. Ársreikningur lagður fram.

Guðmundur fór yfir framlagðan ársreikning og eru helstu niðurstöður úr rekstrar-og efnahagsreikningi eftirfarandi:

Rekstrartekjur alls kr. 101.791.193.-

Rekstrargjöld alls kr. 94.056.616.-

Afskriftir kr. 4.758.618.-

Hagnaður fyrir fjármagnsliði er kr. 2.975.959.-

Fjármagnsliðir eru neikvæð um kr. 1.498.235.-

Hagnaður dótturfélagsins BBV ehf er kr. 7.246 .-

Hagnaður ársins er kr. 1.484.970.-

Eignir samtals eru kr. 53.296.888.-

Eigið fé er alls kr. 21.454.088.-

Skuldir samtals eru kr. 31.842.800.-

Skuldir-og eigið fé alls kr. 53.296.888.-

Matarhlé

6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Undir þessum lið voru einnig umræður um ávarp Sigurgeirs Sindra Sigurgeirssonar frá BÍ.

Til máls tóku Rúnar Jónasson, Hallur Pálsson, Þórhildur Þorsteinsdóttir, Valberg Sigfússon og Haraldur Benediktsson. Til máls tók einnig Sigurgeir Sindri til að svara fyrirspurnum er varða breytingar á búnaðargjaldi, málefnum Búnaðarstofu ofl.

7. Afgreiðsla reikninga – reikningar samþykktir samhljóða

8. Kynning á verkefninu, raforkuvirkjanir á Snæfellsnesi. Eggert Kjartansson á Hofsstöðum kynnti virkjanir á Snæfellsnesi síðustu árin.

9. Tillögur lagðar fram

10. Nefndarstörf

Laganefnd:

Pröstur Aðalbjarnarson *formaður*

Haraldur Benediktsson

Kristján Magnússon

Sigursteinn Hjartarson

Lárus Pétursson

Pétur Diðriksson

Allsherjarnefnd:

Sigurjón Helgason *formaður*

Sigurður Jakobsson

Gunnar Guðbjartsson

Oddur Hlynur Kristjánsson

Magnús Már Haraldsson

Ásgerður Pálsdóttir

Guðbrandur Guðbrandsson

Svavar Þórðarson

Albert Guðmundsson

Félagsmálanefnd:

Arnar Eysteinnsson *formaður*

Þórarinn Svavarsson

Guðmundur Pálmason

Jóhann Oddsson

Guðrún Kristjánsdóttir

Rúnar Jónasson

Fjárhagsnefnd:

Eiríkur Blöndal *formaður*

Hallur Pálsson

Óskar Halldórsson

Daníel Ottesen

Gunnlaug Arngrímsdóttir

Sigurjón Grétarsson

Ásgeir Ásgeirsson

11. Afgreiðsla mála

Sigurjón Helgason flutti tillögur allsherjarnefndar:

Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki 9. apríl 2015 tekur undir tillögur starfshóps um fjarskipti um átak í lagningu ljósleiðara.

Fundurinn beinir því til stjórnar BV að fylgja þeim tillögum eftir og að svæði BV verði í forgrunni. Jafnframt krefst fundurinn þess að samlegðaráhrif að lagningu ljósleiðara og þriggja fasa rafmagni verði nýtt. - **Samþykkt**

Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki 9. apríl 2015 beinir því til stjórnar BÍ að taka til skoðunar hvort ástæða sé til að endurskoða skuldfærslu lífeyrissjóðsiðgjalda af beingreiðslum. - **Samþykkt.**

Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki 9. apríl 2015 samþykkir að senda eftirfarandi tillögu til stjórnar Búnaðarsamtaka Vesturlands

„Vegna aukinna krafna um ásýnd bújarða og umhverfismál í sveitum skorar Búnaðarfélag Andakílshrepps á sveitarfélög á starfssvæði Búnaðarsamtaka Vesturlands að tryggja greiðan aðgang að timbur-og járnagámum í samráði búnaðarfélög á hverju svæði. Einnig að huga að förgun á lífrænum úrgangi og spilliefnum. Jafnframt skorar fundurinn á bændur og búnaðarfélög um að beita sér fyrir góðri umgengni og umhverfisvitund á sínum starfssvæðum“. - **Samþykkt**

Arnar Eysteinnsson flutti tillögur félagsmálanefndar:

Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki 9. apríl 2015 leggur áherslu á að við gerð búvörursamninga og heildarsamnings fyrir landbúnaðinn verði lögð rík áhersla á að stuðla að jákvæðri og sjálfbærri þróun byggða,

- Meðal annars með því að stuðla að jákvæðum samlegðaráhrifum mismunandi búgreina.
- Meðal annars með því að stuðla að aukinni verðmætasköpun innan héraða.
- Meðal annars með því að leggja ríkari áherslur á sveitarfélög varðandi framtíðaskipulagningu landbúnaðar.
- Meðal annars með ívilnandi aðgerðum og markvissum gagnsæjum styrkjum til að ná ofangreindum markmiðum. – **Samþykkt**

Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki 9. apríl 2015 samþykkir stofnun framtíðarnefndar Búnaðarsamtakanna. Hlutverk hennar verði að:

- Ræða og móta tillögur um félagslega starfsemi BV á komandi árum m.a í samræmi við ákvæði um tilgang félagsins í 5. grein samþykktar BV.
- Efla samtakamátt bænda þvert á búgreinar á félagssvæðinu til styrkingar byggðar í sveitum.
- Greina í samvinnu við öll aðildarfélög BV sóknarfæri félaganna.
- Standa fyrir fræðsluferðum til systursamtaka erlendis til að kynnast starfsemi sambærilegra félaga þar.

Stjórn BV skipi í nefndina og fylgi störfum hennar eftir en nefndin skili skýrslu í síðasta lagi á næst aðalfundi BV. – **Samþykkt**

Eiríkur Blöndal flutti tillögur fjárhagsnefndar:

Fjárhagsáætlun fyrir Búnaðarsamtök Vesturlands 2014		
	Áætlun	Raun
	2015	2014
Rekstartekjur		
Seld þjónusta	80.500.000	80.857.099
Starfsfé	20.500.000	20.934.094
Tekjur alls	101.000.000	101.791.193
Rekstrar gjöld.		
Rekstrarvörur	15.500.000	16.912.664
Laun og launatengd gjöld	54.000.000	51.080.493
Bifreiða- og ferðakostnaður	15.000.000	16.268.254
Annar rekstrarkostnaður	10.000.000	9.795.205
Samt:	94.500.000	94.056.616
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6.500.000	7.734.577
Afskriftir alls	- 4.500.000	- 4.758.618
Fjármunatekju/fjármunagj.	- 1.500.000	- 1.498.235
Afkoma dótturfélags	5.000	7.246
Mismunur.	505.000	1.484.970

- *Samþykkt*

Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki 9.apríl 2015 samþykkir að árgjald til BV árið 2015 verði kr. 3000 á gjaldskyldan félag. - *Samþykkt*

Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki 9.apríl 2015 samþykkir að árgjald til BV árið 2016 verði kr. 5000 á gjaldskyldan félag. - *Samþykkt*

Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki 9. apríl 2015 samþykkir að laun stjórnar og skoðunarmanna verði eftirfarandi:

Formaður kr.150.000.- á ári og kr. 10.000.- á fund

Aðrir stjórnarmenn: kr. 50.000.- á ári og kr. 10.000.- á fund

Varamaður stjórnarmanns kr. 10.000.- á fund

Skoðunarmenn reikninga kr. 15.000.-

Auk framangreindra launagreiðslna verði greiddur akstur samkv. aksturstafta ríkisins.

Laun Búnaðarþingsfulltrúa verði 10.000.- kr. á fundardag auk fullra dagpeninga.

Laun fulltrúa á aðalfundi Búnaðarsamtakanna, verði ½ dagpeningur, nú kr.10.800.-

Einnig akstur samkv. aksturstafta. - *Samþykkt*

Breytingartillaga kom frá Presti Aðalbjarnasyni varðandi laun Búnaðarþingsfullrúa og hljóðaði hún uppá kr. 30.000.- á dag auk fullra dagpeninga. **Var sú tillaga felld með meirihluta atkvæða á móti 1.**

Pröstur Aðalbjarnarson flutti tillögur laganevndar:

Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki 9. apríl 2015 samþykkir að í grein 9 í samþykktum BV verði eftirfarandi málsgrein felld út: „Framkvæmdastjóri skal vera bæði rekstrarlegur og faglegur stjórnandi leiðbeiningarstövarinnar. Hann skal hafa lokið kandidatsprófi í búfræði eða hafa aðra sambærilega menntun“.

9. grein verður þá þannig:

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra sem annast í umboði hennar um eignir og fjármál samtakanna og daglega verkstjórn. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk í samráði við stjórn. Stjórn samtakanna fer með málefni þeirra milli aðalfunda og fylgir ályktunum þeirra eftir, sér um undirbúning kosninga til Búnaðarþings og framkvæmd þeirra í samræmi við samþykktir Bændasamtaka Íslands. Enn fremur annast hún fjárreiður samtakanna og reikningsskil og ber sameiginlega ábyrgð á öllum fjármálum þeirra. Starfsár og reikningsár samtakanna er almanaksárið. Reikninga samtakanna, starfsskýrslu og félagaskrá sendir hún til Bændasamtaka Íslands. Stjórnarfundur heldur stjórnin eftir þörfum hverju sinni og boðar formaður til stjórnarfunda. Stjórnin skal setja sér fundaaætlun í upphafi starfsárs. Formanni er skylt að boða til stjórnarfunda krefjist einn stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri þess. Stjórnin er ákvörðunarþær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðarbók um það sem fram fer á stjórnarfundum sem skal undirrituð af þeim sem sitja fund. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem er ekki sammála ákvörðun stjórnar, á rétt á því að fá sérálit sitt bókað. – **Samþykkt**

Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki 9. apríl 2015 samþykkir markmið vegna kosninga til Búnaðarþings :

Kosning búnaðarþingsfullrúa skal fara fram á aðalfundi.

Markmið vegna kosninga til búnaðarþings er að búnaðarþingsfulltrúum frá Vesturlandi fækki ekki frá því sem nú er og að sama fyrirkomulag verði viðhaft við þá kosningu og er um kosningu á almennum stjórnarmönnum BV.

*Markmið er að formaður BV verði fulltrúi BV á Búnaðarþingi. – **Samþykkt***

Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki 9. apríl 2015 samþykkir eftirfarandi breytingu á 5 grein samþykktu Búnaðarsamtaka Vesturlands

*Liður 2. Að reka eða eiga aðild að, eftir atvikum, leiðbeiningamiðstöð er annist leiðbeiningastörf. - **Samþykkt***

12. Kosning stjórnar og varastjórnar

a) Kosning formanns án svæðisbindingar.

Þórhildur Þorsteinsdóttir, Brekku með 29 atkv.

Úr Mýra-og Borgarfjarðarsýslu:

Daníel Ottesen, Ytra-Hólmi

Halldór Gunnlaugsson, Hundastapa

Úr Snæfellsnes-og Hnappadalssýslu:

Guðný Linda Gísladóttir, Dalsmynni

Úr Dalasýslu:

Valberg Sigfússon, Stóra-Vatnshorni

Kosning varamanns formanns:

Halla Steinólfsdóttir, Ytri-Fagradal

b) Kosning varamanna annarra stjórnarmanna

Úr Mýra-og Borgarfjarðarsýslu:

Einar Örnólfsson, Sigmundarstöðum

Guðbrandur Guðbrandsson, Staðarhrauni

Úr Snæfellsnes-og Hnappadalssýslu:

Gunnar Guðbjartsson, Hjarðarfelli.

Úr Dalasýslu:

María Línadal, Neðri-Hundadal.

13. Kosning skoðunarmanna og endurskoðenda

- a) **Kosning tveggja skoðunarmanna og varamanna þeirra:** *Hallur Pálsson og Brynjólfur Guðmundsson.*
- b) **Til vara:** *Sigurður Jakobsson og Böðvar Bjarki Magnússon.*
- c) **Kosning löggilts endurskoðanda:** *Konráð Konráðsson hjá KPMG.*

14. Kosning búnaðarþingsfulltrúa.

Kosnir til tveggja ára.

Valberg Sigfússon og til vara Þórarinn B. Þórarinsson.

Eiríkur Blöndal og Þórhildur Þorsteinsdóttir, varamenn Haraldur Benediktsson og Pétur Diðriksson.

Ásbjörn K. Pálsson og til vara Þröstur Aðalbjarnarson.

15. Önnur mál

16. Fundarslit

Þórhildur Þorsteinsdóttir þakkaði Kristjáni Magnússyni fyrir samstarf í stjórn og bauð nýjan stjórnarmann velkominn til starfa, þá þakkaði hún góða fundarsetu og sleit fundi kl. 16:30.